

Miðvikudaginn 11. maí 1938.

Nr. 8/1938. **Bæjargjaldkerinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn
Karli Einarssyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í hæstarétti, var ekki mætt í því af stefnda hálfu, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og hefir málið þess vegna verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935.

Áfrýjandi hefir skotið málinu til hæstaréttar með stefnu dags. 20. janúar þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 31. desember f. á., og hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 416.00, ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 22. október 1936 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fjárhæð sú, sem stefndi er krafinn um í máli þessu, eru útsvör, sem á hann hafa verið lögð á Akureyri árin 1933, 1934 og 1935, ásamt dráttarvöxtum.

Það er ágreiningslaust í málinu, að stefndi hefir dvalizt á Akureyri frá 1928 og þangað til mál þetta var höfðað, við iðnnám til ársins 1933 og frá 1. maí 1933 sem iðnsveinn á Fjaðrahúsgagnagerðinni á Akureyri. Hann átti þannig raunverulegt heimilisfang á Akureyri og var þar útsvarsskyldur samkvæmt 8. gr. laga nr. 46 frá 1926 á þeim tíma, þegar greind útsvör voru á hann lögð. Samkvæmt þessu verður að dæma stefnda til að greiða hina kröfðu fjárhæð ásamt vöxtum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Karl Einarsson, greiði áfrýjanda, bæjargjaldkeranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, kr. 416.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1936 til greiðsludags og samtals kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. júlí 1937.

Friðrik Magnússon, bæjargjaldkeri á Akureyri, hefir fyrir hönd bæjarsjóðs Akureyrar eftir árangurslausu sáttatilraun höfðað mál gegn dývanasmið Karli Einarssyni, Oddeyrargötu 22, til greiðslu á kr. 416.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins.

Upphæð sú, er framan greinir, er útsvör og dráttarvextir frá árunum 1933—1935 til bæjarsjóðs.

Stefndur neitar að greiða hina umstefndu upphæð, með því að hann eigi lögheimili í Keldunesshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu og hafi greitt þar opinber gjöld til ríkis og sveitarfélags og visar hann í lausamenskuleyfi sitt dags. 16. maí 1925, réttarskjal nr. 9.

Yfirlýsingu leggur hann og fram, réttarskjal 11, frá Birni Stefánssyni, um að hann sé heimilismaður hans á Vikingavatni.

Stefndur krefst að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda, útsvörum og vöxtum og málskostnaði, og krefst, að sér verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Samkv. réttarskj. 17 hefir stefndur unnið sem iðnsveinn á Fjaðrahúsgagnagerðinni á Akureyri frá 1. maí 1933 til ársloka 1936.

Á framangreindu vottorði er einnig skýrsla um kaup hans þessi ár. Hann vann í ákvæðisvinnu.

Í Kelduhverfi rak hann enga atvinnu og ekki greiddi hann neitt fyrir að mega vera þar og hafa þar ársheimili.

Þá hefir það og verið upplýst í málinu, að stefndur neytti kosningarréttar til bæjarstjórnar og Alþingis á Akureyri árið 1934.

Stefnandinn hefir til vara krafizt, að með því stefndur hafi aldrei kært útsvör sín og þannig firrt sig rétti til að neita greiðslu útsvaranna, að hann verði dæmdur til greiðslu útsvaranna á þeim grundvelli.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 60 frá 20. nóv. 1907 er lausamanninum gert að skyldu að fá sér ársheimili og samkv. 5. gr. sömu laga er lögð sú sérstaka skylda á húsráðanda að greiða gjöld hans, ef í vanskilum eru, nema hann geti vísað á eignir, sem megi taka lögthaki til lúkningar gjöldunum. Lögin um lausamennsku virðast alls eigi krefjast, að ársheimili hans sé þar sem atvinna hans er.

Sýnilega virðist löggjafinn búast við, að lausamaðurinn sé eigi við neitt fast bundinn, og vill því leggja aðaláherzluna á, að gjöld til þess opinbera náist frá honum, og því er þessi skylda lögð á húsráðandann, og með því um leið gert öruggara fyrir lausamanninn að fá sér ársheimili, þar sem ofan getin kvöð hvílir á húsráðandanum. Ákvæðin eru skýr í 5 gr. um, að lausamaðurinn greiði þar gjöld, sem ársheimili hans er.

Ákvæðin um ársheimili og greiðslu gjaldanna þar eru ekki beinlínis upphafin með lögnum um útsvör, og þó útsvarslögin sýnist gera ráð fyrir, að heimilið sé eðlilega þar, sem starfsemi útsvarsgreiðanda er og útsvarið þar á lagt, þá verða hin almennu ákvæði um þetta efni að vikja fyrir hinni sérstöku löggjöf um lausamennsku. En samkvæmt þessu verður að telja, að útsvarið sé ólöglega lagt á stefnda í Akureyrarbæ, og, að því er varakröfuna snertir, þá ber að líta svo á, að stefndi missi engan rétt við það, að hann ekki kærði útsvarið, enda neitaði að greiða það, þegar hann var krafinn.

Samkvæmt þessu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnandans. Málskostnaður þykir rétt, að falli niður eftir atvikum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Karl Einarsson, divanasmiður Akureyri, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Friðriks Magnússonar bæjargjaldkera f. h. bæjarsjóðs Akureyri.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 11. maí 1938.

Nr. 153/1937. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni

(Eggert Claessen).

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöður hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það athugast, að afstöðuupdráttur af slysstaðnum hefir ekki verið lagður fram í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-